

Ed.

32. Frumvarp

til laga um bann gegn útflutningi á lifandi refum.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Það er öllum bannað að flytja lifandi refi hjeðan af landi til útlanda.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum ekki lægri en 100 krónum fyrir þann, sem refina lætur flytja til útlanda, og jafnháum fyrir skipstjóra þann, sem flytur þá.